

Nefndasvið Alþingis,
Fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. október 2020

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til fjárlaga árið 2021, 1. mál, og tillögur til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021 – 2025, 2. mál, 151. löggjafarþings 2020-2021.

Félagið Femínísk fjármál fagnar því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 og í tillögu að fjármálaáætlun fyrir árin 2021 til 2025 sé umfangsmeiri umfjöllun en áður um kynjaða fjárlagagerð og áhrif á markmið um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Aftur á móti eru kynja- og jafnréttissjónarmið ekki höfð til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir um tekjuöflun og fjárheimildir ríkisins. Þetta sést glögglega í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021, en í þeim tilvikum sem aðgerðir stjórnvalda voru greindar með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar þá var það í flestum tilfellum gert eftir að ákvarðanirnar voru teknar. Má þar nefna kynjaslagsíðu í aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs Covid-19. Konur eru meirihluti þeirra sem hafa misst vinnuna á undangengnum mánuðum en hins vegar eru atvinnuskapandi aðgerðir stjórnvalda, s.s. fjárfestingaráttak og tímabundnar breytingar á endurgreiðsluheimildum VSK, líklegri til að viðhalda og fjölga störfum karla umfram kvenna og auka þannig kynjamisrétti. Á sama tíma eru grunnatvinnuleysisbætur langt um lægri en grunnviðmið fyrir útgjöld og húsnæðisgjöld einstaklinga og fjölskyldna, sem eykur hættuna á því að fólk lendir í fátæktargildru. Jafnframt er stór hluti atvinnulausra af erlendum uppruna sem hefur jafnvel lítið bakland hér á landi, en of lágar bætur ýta enn fremur undir jaðarsetningu þeirra. Félagið ítrekar mikilvægi þess að kynja- og jafnréttissjónarmið séu ávallt höfð til hliðsjónar frá upphafi til að tryggja aðgerðir sem settar eru fram í fjármálaáætlun og fjárlögum ýti ekki undir misrétti, heldur stuðli að auknu jafnrétti og réttlæti í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllst f.h. félagsins Femínísk fjármál.
Finnborg S. Steinþórsdóttir
Freyja Barkardóttir
Sigríður Finnbogadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir